

**Nd.**

**29. Frumvarp til laga**

[29. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1983 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1983.
3. Af fyrstu 153 900 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 153 900 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1983 vegna tekna ársins 1982 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1983 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 14/1982 á árinu 1982. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 14/1982, að öðru leyti en því að skattþrepið hækkar í samræmi við skattvísitölu. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1982 nemur 56,2 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 51 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1983 nemi um 85 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 80 mkr.